

7. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Forsætisráðherra skal að jafnaði á þriggja ára fresti gefa Alþingi skýrslu um áhrif laga þessara, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneyti skulu gera áætlun um að endurskoða gildandi lagaákvæði og reglur um opinbert eftirlit. Við endurskoðunina skal fara fram mat á reglunum í samræmi við ákvæði 3. gr.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Davíð Oddsson.

Nr. 28

18. mars 1999

LÖG

um breytingu á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist: Þó er heimilt fram til 1. apríl 2001 að lögskrá þann sem ekki hefur hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna, enda liggi fyrir hjá lögskráningarstjóra staðfesting Slysavarnaskóla sjómanna á að viðkomandi hafi látið skrá sig á námskeið og hvenær það fari fram. Mæti skipstjórnamaður eða aðrir skipverjar ekki á námskeið sem þeir eru skráðir á er lögskráningarstjóra óheimilt að lögskrá þá, nema viðkomandi hafi haft fullgildar ástæður fyrir forföllum sínum að mati Slysavarnaskóla sjómanna, hafi skráð sig að nýju á öryggisfræðslunámskeið skólans og muni ljúka því eins fljótt og kostur er og eigi síðar en 1. apríl 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.